

**Nd.**

**629. Breytingartillögur**

[70. mál]

við frv. til l. um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „tóbaksneyslu“ í niðurlagi gr. komi: tóbaksreyks.
2. Við 5. gr. Í stað „tóbaksvarnaráð“ í 1. mgr. og hvarvetna í frv. komi: tóbaksvarnanefnd.
3. Við 5. gr. 1. tölul. 2. mgr. orðist svo:  
Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
4. Við 5. gr. 5.mgr. orðist svo:  
Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.
5. Við 6. gr. 3.mgr. orðist svo:  
Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.
6. Við 7. gr. Upphaf 2. másl. 1. mgr. orðist svo:  
Þetta nær þó ekki til auglýsinga o. s. frv.
7. Við 7. gr. 4. og 5. mgr. falli brott.
8. Við 8. gr. 3. mgr. orðist svo:  
Ekki má selja tóbak í spítölum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglina.
9. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Tóbaksreykingar eru óheimilar í þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði. Þó skulu þeir á

- hverjum tíma hafa afmarkaðan fjölda veitingaborða fyrir gesti sína sem séu sérstaklega merkt að við þau séu tóbaksreykingar bannaðar.
10. Við 9. gr. Í stað „tóbaksnotkun“ í 2. mgr. komi: tóbaksreykingar.
  11. Við 10. gr. Aftan við orðið „heimilt“ í 2. mgr. komi: samkvæmt tillögu starfsmannafundar eða starfsmannaráðs.
  12. 11. gr. orðist svo:

Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á samkvæmt 1. mgr. 17. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.
  13. Við 12 gr. Í stað „tóbaksnotkun“ í upphafi gr. komi: tóbaksreykingar.
  14. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:

Tóbaksreykingar eru óheimilar í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru með gjaldtöku.
  15. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.
  16. Við 13. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Setja skal sérreglugerð í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins um tóbaksreykingar um borð í skipum.
  17. Við 15. gr. 1. mgr. orðist svo:

Skylt er að verja 2% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.
  18. 17. gr. orðist svo:
    - 17.1 Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.
    - 17.2 Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981.
    - 17.3 Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með, eftir því sem við á, að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara um takmörkun á tóbaksreykingum.
  19. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og l. nr. 46/1980.
  20. Við 20. gr. Orðin „með aðstoð lögreglu ef með þarf“ í 2. mgr. falli brott.
  21. Við 20. gr. 3. mgr. falli brott.